

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi hitaveitunnar og hún hefur umráðarétt yfir, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, nr. 252/2001.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja rennslismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennslí til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennslismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð rennslismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 3 l/mín. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum. Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

II. KAFLI

4. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps rekur tvö hitaveitusvæði með aðskildum dreifikerfum. Þessi svæði eru annars vegar á og við Borgarsvæðið með vatn frá Vaðnesi, hins vegar austari hluti Grímsness, með vatn frá Kringlu.

5. gr.

Verðskrá:

A. Hemlagjald (varmagjald):

Fyrir sumarbústaði, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða hemlagjald. Lágmarksstilling er 3,0 l/mín. Hemlagjald fyrir hvern mínútulítra er kr. 3.674.

B. Rúmmetragjald skv. mæli:

Fyrir almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 167.

Fyrir sumarbústað sem er með mæli og greitt er skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða minna en 3,0 l/mínútu eða kr. 11.022 á mánuði, sbr. A-lið.

Mælagjald á mánuði:

B1 Stærð mælis/hemils DN 15 1.672 kr.

B2 Stærð mælis/hemils DN 20 2.391 kr.

B3 Stærð mælis/hemils DN 25 2.954 kr.

B4 Stærð mælis/hemils DN 32	3.524 kr.
B5 Stærð mælis/hemils DN 40	4.092 kr.
B6 Stærð mælis/hemils DN 50	5.600 kr.

C. *Stofngjöld:*

Í þéttbýli sér sveitarfélagið um frágang heimæða að mæli.

C1 Íbúðarhús allt að 300 m ³ og gróðurhús allt að 200 m ³	kr. 892.812
Fyrir hvern rúmmetra þar yfir skal greiða	340 kr./m ³
C2 Vélageymslur og gripahús allt að 300 m ³	kr. 518.990
Fyrir hvern rúmmetra þar yfir skal greiða	340 kr./m ³
C3 Fyrir sumarhús:	
Stofngjald fyrir húsveitu	kr. 892.812
C4 Gjald fyrir auka mælagrind	kr. 133.239

Auk stofngjalds, sem að framan greinir, skal greiða 6.685 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.

D. *Önnur gjöld:*

Lokunargjald	kr. 25.033
Aukaálestur	kr. 11.780

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 20.423 án vsk. á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps áskilur sér rétt til að beita viðurlögum við rofi á innsigli.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. gr. verða krafin þriðja hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps, í bönkum eða pósthúsum. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá eindaga.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er veitustjórn heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki/fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 28. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps og 79. gr. orkulaga nr. 58/1967.

9. gr.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 27. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Allan raunkostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal veittur hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur.

Nr. 1584

20. desember 2023

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, til að öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 71/2023.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 20. desember 2023.

F. h. r.

Ólafur Darri Andrasón.

Hreinn Hrafnkelsson.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 29. desember 2023